

um frv. til laga um stofnun docentsembættis við heimspekisdeild Háskóla Íslands.

Frá minni hluta mentamálanefndar.

Embætti þetta hefir löngum þótt fremur miðað við þarfir manns þess, er því hefir gegnt, heldur en þjóðarnauðsyn. Fyrir síðustu kosningar hjelt núverandi formaður stjórnarflokksins (J. Þ.) því fram, að eitt af helstu ráðunum til að rjetta við fjárhag landsins væri að leggja niður heimspekisdeild háskólans, og kom hann síðan á þingi 1924 með frv., sem stefndi í þessa átt. Á þingi 1922 flytja þrír menn í Nd., P. O., J. S. og Þ. J., breytingartillögu við fjárlögin um að leggja niður kenslu Alexanders Jóhannessonar við háskólann. Farast Jóni Sigurðssyni þannig orð um málið (Alþt. 1922, B. 149):

»Í fyrri liðnum er farið fram á það, að aukakennaraembættið við háskólann í samanburðarmálfræði og gotnesku verði lagt niður. Þetta embætti er nú gamall kunningi hjer. Það var mikið um það þráttað á síðasta þingi og margar tilraunir gerðar til að gera það að föstu embætti, en þær tilraunir mishepnuðust«. Þá segir J. S., að framan af æfi háskólans hafi engar umkvartanir heyrst, þótt ekki væri aukakennari í íslensku. Síðan bætir hann við: »En svo kom þessi maður til sögunnar og sækir, að mig minnir 1915, um styrk til þingsins til að kenna þýsk fræði við háskólann, og þá varð fyrst þörf fyrir þetta embætti«. Og ennfremur: »Þótt hjer sje ekki um neina stórupphæð að ræða, eitthvað á 7. þús. kr., er hún þó þess verð að vera spöruð, en starfið er heldur ekki mikið, sem niður fellur, eitthvað 4 stundir vikulega og engir fyrirlestrar«.

Á þinginu í fyrra lagði fjárveitinganefnd Nd., að því er virðist óskift, til, að styrkurinn til A. J. yrði feldur niður af fjárlögum. Farast skrifara og framsögumanni nefndarinnar, Þórarni Jónssyni, þannig orð um nauðsyn þessa embættis:

»A þingi 1922 flutti minni hluti fjárv.n. Nd. tillögu um að fella niður aukakennaraembættið í sögu og málfræði íslenskrar tungu við háskólann. Voru þá færð ýms rök fyrir því, að kennaraembætti þetta væri óþarft. — Störf þessa kennara hafa verið fremur litil, aðeins 4 stundir á viku. Þrátt fyrir það, þó nefndin vilji ekki neita því, að kennari þessi hafi með fyrirlestrum sínum getað gert eitthvert gagn, þá telur hún þó, að annarsstaðar geti verið meiri þörf fyrir starfskrafta hans en við háskólann og kensla hans orðið að meira liði, og því sje það engan veginn að visa þessum manni út á gaddinn, þótt hann hverfi frá háskólanum. Þetta er einnig í samræmi við tillögur þær, sem nú liggja fyrir þinginu um breytingu á háskólanum«. (Alþt. 1924, A. 404).

Síðan voru þessar breytingartillögur fjv.n. samþyktaðar í báðum deildum. Og niðurlagning þessa embættis var eini verulegi sparnaðurinn, sem núverandi stjórnarflokkur beitti sjer fyrir og kom í framkvæmd á þinginu í fyrra.

Jeg hefi við fyrstu umræðu sýnt fram á, svo að eigi varð á móti mælt,

að starf þetta hefir frá upphafi verið miðað við það, að veita Alexander Jóhannessyni lífsuppheldi. Þeir þrír íhaldsmenn, sem stjórnarflokkurinn hefir nú um undanfarin ár sett í fjárv.n. Nd., hafa tvívegis svo rækilega fordæmt með viðunandi rökum þá embættisstofnun, sem þeirra stjórn hefir nú i hyggju að framkvæma, að af þeirri ástæðu einni saman er það furðanleg dirfska af stjórninni að leggja þetta frv. fyrir til samþykta. Með því að jeg er í þessu efni samdóma íhaldsmönnum fjárv.n. Nd., sem knúðu fram niðurfelling þessa starfs í fyrra, legg jeg til, að frv. verði felt.

Alþingi, 24. mars 1924.

Jónas Jónsson.